

Starfsáætlun: Umsögn leikskóladeildar

Skólaárið 2024 - 2025

Leikskólinn Kópahvoll

Tengsl við námskrá: Fram kemur í námskrá Kópahvols að unnið er að því að efla sjálfsvitund barnanna, samskipti og samhug. Starfsáætlun þessi hljómar vel við þær áherslur.

Endurmat – umbótaáætlun: Mat var gert á sköpun og menning á vormánuðum. Fram kemur í starfsáætlun að matið hefði mátt framkvæma fyrr ásamt því að hafa skýrari skilgreining á hvernig framkvæma ætti matið. Stjórnendur eru mjög hreinskilnir með að þetta er atriði sem þarf að lagfæra og munu stjórnendur leggja sig alla fram við að gera þetta betur næst þegar mat verður lagt fyrir. Einnig er ekki ólíklegt að breytingar á fyrirkomulagi starfsins hafi haft áhrif matið þar sem starfsfólk var enn að átta sig á skipulagi og starfsháttum í nýju fyrirkomulagi.

Þróunar- og nýbreytnistarf: Uppeldi til ábyrgðar hefur verið í innleiðingar ferli við skólann og er starfsfólk enn að sækja sér þekkingu í þeim fræðum. Áhersla er lögð á í Kópahvoli að starf skólans sé í stöðugri þróun með þarfir hvers hóps í huga sem er í skólanum hverju sinni. Á síðasta skólaári var ákveðið að nýta sal skólans í rými þar sem fleiri en ein deild gætu verið saman í einu í leik og starfi. Áform eru um að halda áfram þessari þróun á komandi skólaári.

Endur - og símenntunaráætlun: Áherslur þetta skólaárið verður að innleiða nýju kaflana í Aðalnámskrá leikskóla með áherslu á sjálfsprottna leikinn ásamt fullgildingu og inngildingu. Skipulagsdagar verða nýttir til að hafa fræðsluerindi í tengslum þessa áherslupætti ásamt því að starfsfólk er hvatt til að sækja þau námskeið sem þeim stendur til boða til að bæta fagþekkingu sína og efla starfsþróun.

Barnasáttmálinn – Heimsmarkmið: Kópahvoll er réttindaskóli UNICEF og er því vinna með Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og er lýðræði stór þáttur í starfi skólans.

Börn: Fyrir ári síðan var farið af stað með val en markmið þess var að að opna enn frekar á það fyrirkomulag að börnin hafi meira svigrúm og flæði í sjálfsprottna leiknum ásamt því að taka í notkun matstofu. Áhugavert er að sjá að upplifun kennara er að þessar breytingar hafi stuðlað að því að börnin verða sjálfstæðari og lýðræðið verður víðara.

Í Kópahvoli hefur verið unnið að því að efla mat barna og virkja þau til að hafa skoðanir og áhrif á starf skólans.

Starfsfólk: Þegar starfsáætlun var send inn hafði leikskólastjóra ekki borist niðurstöður úr starfsmannakönnun sem framkvæmd var á vegum Kópavogsbæjar á vormánuðum.

Foreldrar: Við skólann er starfandi foreldraráð og foreldrafélag.

Annað: Við óskum kennurum í Kópahvoli, til hamingju með þeirra frábæru vinnu á hönnun á listum til útfyllingar við Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskólum. Vel uppsettir listar sem munu nýtast í öllum leikskólum Kópavogsbæjar og munu þær Stefanía Finnbogadóttir, aðstoðarleikskólastjóri og Sigríður Kristín Sigurðardóttir, sérkennslustjóri fylgja þeim eftir með fræðsluerindi í leikskóla bæjarins.